


Skýrsla Lífsverks um ábyrgar fjárfestingar fyrir starfsárið 2022

Júní 2023

Skýrsla Lífsverks um ábyrgar fjárfestingar fjallar um starfsemi sjóðsins tengt ábyrgum fjárfestingum á starfsárinu 2022.

Farið var í gagngera endurskoðun á stefnu Lífsverks í ábyrgum fjárfestingum á árinu 2022. Endurskoðuð stefna er töluvert breytt frá fyrri stefnu og er í raun ný stefna um ábyrgar fjárfestingar. Áhersla var á að sjónarmið eignastýringar væru útgangspunktur við mótun stefnunnar og auk þess var horft til reynslu undanfarinna ára af innleiðingu fyrri stefnu. Starfsfólk og stjórn sjóðsins ásamt utanaðkomandi sérfræðingum í sjálfbærni hófu vinnu á haustmánuðum 2022 sem stóð fram á fyrstu mánuði ársins 2023. Framkvæmd var mikilvægisgreining meðal helstu hagaðila sjóðsins til að kanna hvaða sjálfbærni viðmið hagaðilarnir telja mikilvægust og vilja að horft sé til við fjárfestingar. UFS markmið sjóðsins voru sett út frá niðurstöðum mikilvægisgreiningarinnar, en niðurstöður hennar má sjá á mynd 1 og í stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar.



Mynd 1: Niðurstöður mikilvægisgreiningar Lífsverks lífeyrissjóðs

Ný stefna Lífsverks lífeyrissjóðs í ábyrgum fjárfestingum var samþykkt af stjórn í febrúar 2023 og uppfærð í maí sama ár. Hin nýja stefna skilgreinir sjálfbærni viðmið í fjárfestingum og áhættustýringu sjóðsins, m.a. í samræmi við 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Það er mat stjórnar að fjárhagsleg og ábyrg markmið fari saman og stuðli í sameiningu að bættum hag sjóðfélaga og gildir stefnan um fyrirtæki og aðra útgefendur fjármálagerninga í samtryggingardeild og séreignardeildum sjóðsins. Við mat á sjálfbærni horfir sjóðurinn til viðmiða um umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS viðmið) og koma þau á margþættan hátt inn í ákvarðanatöku og áhættumat sjóðsins. Til að skerpa á mikilvægi eftirfylgni með sjálfbærni viðmiðum í fjárfestingum sjóðsins, þá hefur hluthafastefna sjóðsins verið sameinuð við stefnu um ábyrgar fjárfestingar.

Í júní 2023 taka gildi ný lög og reglugerðir er lúta að upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Yfirlit um stöðu Lífsverks lífeyrissjóðs gagnvart innleiðingu reglugerðar (ESB) 2019/2088 um áhættu tengda sjálfbærni og veitingu upplýsinga sem tengjast sjálfbærni í tengslum við fjármálaafurðir (e. Sustainable Finance Disclosure Regulations, SFDR) má sjá í viðauka skýrslu þessarar og á sérstöku upplýsingablaði hvernar séreignarleidar sjóðsins.

Lagaumhverfið breytist hratt, nýjar reglugerðir líta dagsins ljós, auknar kröfur til eignastýringaraðila og eftirfylgni eftirlitsaðila. Þá er fyrirsjáanlegt að lög, reglur og viðmið haldi áfram að taka breytingum. Ljóst er að næstu misserin og árin er enn töluverð vinna framundan tengd ábyrgum fjárfestingum. Regluleg endurskoðun stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar er hluti af þeirri vinnu til framtíðar.

Lífsverk er aðili að samkomulagi við PRI (e. Principles for Responsible Investments) og hefur þar með samþykkt að fylgja sex meginreglum samtakanna. Lífsverk hefur ásamt 12 öðrum íslenskum lífeyrissjóðum skuldbundið sig á vettvangi Climate Investment Coalition (CIC) til að fjárfesta 580 ma.kr. í grænum verkefnum fyrir árið 2030 sem mun styðja við markmið Parísarsamkomulagsins og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (e. The Sustainable Development Goals). Sjóðurinn er á meðal stofnaðila IcelandSIF, íslenskra samtaka með þann tilgang að efla þekkingu fjárfesta á aðferðafræði sjálfbærra og ábyrgra fjárfestinga og auka umræðu um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar. Þá er Lífsverk aðili að Festu, miðstöð um sjálfbærni frá árinu 2020.

Lífsverk setti sér fyrst stefnu um ábyrgar fjárfestingar árið 2017 og uppfærði hana síðast í mars 2021 áður en til hinnar gagnræðu endurskoðunar kom á liðnum vetri. Starfsárið 2022 er gert upp til samræmis við fyrri stefnu en frá og með árinu 2023 verður horft til nýrrar stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar.

1. Starfsárið 2022

Árlega hefur Lífsverk sent út kostgæfnisathugun í samræmi við fyrri stefnu sjóðsins í ábyrgum fjárfestingum. Athugunin var send á innlenda mótaðila sjóðsins. Svarhlutfall var 77,4%, þ.e. 48 aðilar af 62 svöruðu athuguninni með fullnægjandi hætti.

Helstu niðurstöður voru eftirfarandi fyrir árið 2022:

Stjórnarhættir

- 94% fyrirtækja hafa sett sér stefnu varðandi góða stjórnarhætti samanborið við 86% á fyrra ári.
- 79% fyrirtækja hafa sett sér stefnu um samfélagslega ábyrgð, samanborið við 71% á fyrra ári.
- 42% fyrirtækja voru með stefnu um ábyrgar fjárfestingar samanborið við 41% á fyrra ári. (Í einhverjum tilfella svarenda á þessi spurning ekki við, sem skýrir að hluta lágt hlutfall).
- 81% hafa sett sér formlegar siðferðisreglur, fyrir ári var hlutfallið 79%.
- Í 15% fyrirtækja situr forstjóri eða framkvæmdastjóri í stjórn fyrirtækisins samanborið við 13% árið áður.
- 79% fyrirtækjanna eru með karlkyns forstjóra samanborið við 77% árið áður.
- 21% hafa kvenkyns forstjóra samanborið við 23% árið áður.
- Fjögur fyrirtæki eru aðeins með karla í stjórn samanborið við sjö árið áður og eitt fyrirtæki var með aðeins konur í stjórn samanborið við ekkert árinu áður.
- 75% fyrirtækja eru með yfir 50% karlkyns framkvæmdastjórn, 13 fyrirtæki eru aðeins með karlkyns framkvæmdastjórn samanborið við 20 fyrirtæki árinu áður.
- 17% fyrirtækja eru með yfir 50% kvenkyns framkvæmdastjórn, sex fyrirtæki eru aðeins með kvenkyns framkvæmdastjórn samanborið við tvö árið áður.
- 8% fyrirtækja eru með jafna kynjasamsetningu í framkvæmdastjórn.

- 44% fyrirtækja hafa sett sér stefnu um hámarks ráðningartíma endurskoðanda samanborið við 39% á fyrra ári.

Umhverfisþættir

- 67% fyrirtækja hafa sett sér formlega stefnu um umhverfismál samanborið við 75% svarenda á fyrra ári.
- 96% fyrirtækja flokka sorp samanborið við 95% árið áður.
- 56% fyrirtækja mæla umhverfisspor sitt samanborið við 54% árinu áður.
 - 33% fyrirtækja mæla umfang 1,2 og 3.
 - 13% fyrirtækja mæla umfang 1,2 og valda þætti úr umfangi 3.
 - 2% fyrirtækja mæla umfang 2 og 3.
 - 8% fyrirtækja tilgreina ekki umfangið.
- 73% fyrirtækja eru með umbótaverkefni, sem snúa að umhverfinu í gangi samanborið við 77% árið áður.

Félagslegir þættir

- 71% fyrirtækja eru með stefnu í öryggismálum.
- 69% fyrirtækja eru með stefnu í heilsuefningu, samgöngustyrk eða aðstöðu til heilsuefningar.
- 85% fyrirtækja er með stefnu í jafnréttismálum.
- 81% fyrirtækja eru með stefnu gegn einelti, kynbundinni og kynferðislegri áreitni og ofbeldi.
- 75% fyrirtækja hafa sett sér jafnlaunastefnu samanborið við 57% árið áður.
 - Öll fyrirtæki sem eru með jafnlaunastefnu og sem eiga þess kost hafa fengið jafnlaunavottun.
- Stærstur hluti starfsmanna er fastráðinn hjá langflestum fyrirtækjum og er það óbreytt milli ára.
- 14 fyrirtæki eru með enga starfsmannaveltu samanborið við 16 árið áður.
- Kynjahlutfall starfsmanna er iðulega mjög jafnt, aðeins tvö fyrirtæki eru aðeins með karlkyns starfsmenn en eitt aðeins með kvenkyns starfsmenn. Árið 2021 voru einnig tvö fyrirtæki með aðeins karlkyns starfsmenn og eitt með aðeins kvenkyns starfsmenn.
- 46% fyrirtækja eru með 3x eða lægra margfeldi launa forstjóra samanborið við miðgildi launa innan fyrirtækisins, sama hlutfall var 50% fyrir ári.
- 15% fyrirtækja eru með 300% eða meiri hlutfallslegan mun launa forstjóra og meðallauna í fyrirtækinu, sama hlutfall var 45% fyrir ári.

2. Fjárfestingar og eignasafn á árinu 2022

Stefna um ábyrgar fjárfestingar kemur fram í mati á nýjum fjárfestingakostum og eftirliti með fjárfestingum í safni sjóðsins.


Græn skuldabréf eru hluti af safni Lífsverks, en það eru skuldabréf sem gefin eru út í þeim tilgangi að fjármagna framkvæmdir eða breytingar sem hafa jákvæð áhrif á umhverfið. Slík skuldabréf eru vottuð fyrir útgáfu og lúta eftirliti yfir líftíma sinn. Í lok árs 2022 voru græn skuldabréf 3,4% af hreinni eign sjóðsins sem er lítið breytt frá fyrra ári. Samkvæmt fjárfestingarstefnu er stefnan að græn skuldabréf séu 5% af hreinni eign. Græn skuldabréf eru meginuppistaða í grænum fjárfestingum Lífsverks en auk þeirra teljast ákveðnar fjárfestingar í hlutabréfum til grænna fjárfestinga.

Allt hlutlaust safn erlendra hlutabréfasjóða er í UFS vísitölusjóðum, auk þess að Lífsverk er fjárfestur í UFS útgáfu sérgreinds safns erlendra hlutabréfa og hluti virkra erlendra hlutabréfa- og

skuldabréfasjóða eru sérstakir UFS sjóðir, t.d. LGT Sustainable Equity Fund og PIMCO Climate Bond Fund.


Samkvæmt stefnu Lífsverks í ábyrgum fjárfestingum frá 2021 er gerð grein fyrir tvenns konar flokkun eigna í samræmi við UFS þætti. Annars vegar er um að ræða innra áhættumat sem á við um allar eignir og er framkvæmt af starfsmönnum Lífsverks. Hins vegar ytra áhættumat sem á einungis við erlendar eignir og er framkvæmt af utanaðkomandi aðila.

Niðurstöður innra áhættumats tengt UFS má sjá á mynd 2. Þar kemur fram að aukinn hluti eigna telst vera með einkunnina A og B eða 93,6% eigna samanborið við 85,2% árið áður. Tæp 6,4% eigna eru með einkunn C árið 2022, samanborðið við 14,9% árið 2021. Markmið sjóðsins er að bæta hlutfall eigna sem falla undir flokk A ár frá ári.



Mynd 2: Skipting eigna samtryggingardeildar eftir einkunn skv. innra UFS áhættumati

Við skoðun á niðurstöðum innra áhættumats Lífsverks fyrir árið 2022 þá kemur í ljós að verðbréf sem hljóta einkunnina C eru að meginuppistöðu óskráð innlend hlutabréf auk veðskuldabréfa eins og mynd 3 sýnir. Afar lágt hlutfall innlendra skuldabréfa flokkast sem C og svipaða sögu er að segja af erlendum hlutabréfum. Meðal erlendra skuldabréfa eru engar eignir með þá einkunn.




Mynd 3: Skipting eigna samtryggingardeildar eftir eignaflokkum og einkunnum skv. innra UFS áhættumati, lok árs 2022

Lífsverk gerðist aðili að PRI (Principles for Responsible Investment) þann 3. nóvember 2017. Fyrstu skýrslu um eignasafn Lífsverks var skilað árið 2019 og skilaði Lífsverk skýrslu öðru sinni í apríl 2020. Árið 2021 og 2022 var ekki unnt að skila skýrslu vegna kerfisbreytinga hjá PRI og því er ekki hægt að birta úttekt á erlendu eignasafni eins og venja hefur verið.

Markmið samkvæmt stefnu um ábyrgar fjárfestingar er að styrkja eignasafnið og hafa eftirlit, með tilliti til þeirra leiðbeinandi tilmæla sem sett eru fram af PRI. Lífsverk fékk aðra utanaðkomandi aðila til að gera ytra áhættumat og meta erlendan hluta eignasafnisins út frá UFS sjónarmiðum í stað úttektar PRI.


Annars vegar var gerð UFS samantekt á safni erlendra verðbréfa gegnum kerfi MSCI og hins vegar gerði LGT Capital Partners (LGT CP) UFS úttekt. LGT CP er sjóðastýringarhús með langa hefð í ábyrgum fjárfestingum, en Lífsverk er fjárfestur í einum UFS hlutabréfasjóði LGT.

Samtals eru 29 erlendir skráðir verðbréfasjóðir í eigu samtryggingardeildar Lífsverks, þar af eru 11 sem tilheyra sérgreindu safni í stýringu hjá GAM. Af þessum 29 sjóðum þá eru 24 sjóðir með A til AAA UFS einkunn frá MSCI. AAA er hæsta UFS einkunnin sem MSCI gefur. Af 24 sjóðum þá eru 11 sjóðir með þá einkunn en 6 sjóðir voru með þá einkunn fyrir ári síðan.




Mynd 4: UFS einkunn erlendra verðbréfasjóða Lífsverks árin 2022 og 2021

Ef horft er til eignaskiptingar verðbréfasjóða þá eru 90,9% eigna í erlendum verðbréfasjóðum með UFS einkunn á bilinu A til AAA, þar sem 41,3% eigna eru með hæstu einkunn eða AAA.



Mynd 5: UFS einkunn erlendra verðbréfasjóða Lífsverks m.v. eignaskiptingu árið 2022


Úttekt LGT gefur áhugaverða innsýn í eignasafn sjóðsins út frá margskonar UFS mælikvörðum. Helstu niðurstöður sýna að UFS skor erlenda verðbréfasafns sjóðsins hafa batnað í öllum þáttum milli ára skv. mælingaraðferð LGT.



Mynd 6: UFS skor erlends verðbréfasafns Lífsverks árin 2022 og 2021


Þegar erlent verðbréfasafn Lífsverks er borið saman við heimsvísitölu hlutabréfa (e. MSCI World) þá kemur í ljós að eignasafn Lífsverks er með aðeins hærra heildarskor en vísitalan. Eignasafn Lífsverks er sömuleiðis með hærra skor í undirþáttunum er snúa að umhverfis- og félagslegum þáttum, en aðeins undir í stjórnarháttum.

Markmið sjóðsins er að vera með betri einkunn en MSCI World vísitalan í UFS þáttum. Þrátt fyrir bætingu í UFS skori þá er enn verk að vinna í þessum efnum enda er hæsta (besta) UFS skor 100.




Mynd 7: UFS skor erlends verðbréfasafns samanborið við heimsvísitölu hlutabréfa árið 2022

Einn hluti úttektar LGT var að að meta áhrif erlends eignasafns á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (e. SDG impact). Þar kemur fram að áhrif eigna Lífsverks á heimsmarkmiðin hafa batnað milli ára eins og mynd 8 sýnir.



Mynd 8: Áhrif erlends eignasafns á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna árin 2022 og 2021

Sömuleiðis voru áhrif safnsins á heimsmarkmiðin meiri en áhrif heimsvísitölu hlutabréfa eins og mynd 9 ber með sér.



Mynd 9: Áhrif erlends eignasafns á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna samanborið við heimsvísitölu hlutabréfa árið 2022

Auk þess að meta heildaráhrifin þá voru áhrif erlends eignasafns Lífsverks metin út frá hverju hinna 17 heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og gerður samanburður við áhrif heimsvísitölu hlutabréfa, niðurstöður úttektar sjást á mynd 10. Þar kemur fram að Lífsverk er á pari við áhrif heimsvísitölunnar í hinum ýmsu þáttum en er einnig með meiri áhrif í nokkrum þáttum. Rétt er að nefna að vegna samspils margra þátta er flókið að einangra áhrif fjárfestinga á hvert heimsmarkmið fyrir sig og því ber ekki að túlka þessar upplýsingar of bókstaflega.



Mynd 10: Áhrif erlends eignasafns á einstök heimsmarkmið SP samanborið við heimsvísitölu hlutabréfa m.v. árslok 2022

Að lokum var gerð mæling á nokkrum völdum mælikvörðum tengdum umhverfismálum eins og tafla 2 sýnir. Í erlendu verðbréfasafni Lífsverks þá minnkuðu undirliggjandi félög kolefnislosun, orkunotkun og vatnsnotkun en magn sorps jókst aðeins milli ára.

	Kolefnislosun (Metric tonn Co2)	Orkunotkun (MW stundir)	Vatnsnotkun (Cubic metrar)	Sorpframleiðsla (Metric tonn)
Erlent verðbréfasafn 2022	93,6	189,8	831,6	71,7
Erlent verðbréfasafn 2021	127,3	279,3	1105,2	63,8

Tafla 2: Áhrif erlends eignasafns á valda umhverfismælikvarða m.v. árslok 2022 og 2021

3. Atvik sem áttu sér stað á árinu og brutu mögulega gegn stefnu Lífsverks

Lífsverk vaktar og heldur skrá yfir þau atvik sem koma upp, þar sem grunur er um brot á stefnu Lífsverks um ábyrgar fjárfestingar. Eitt atvik kom upp á árinu sem ástæða þótti til að kanna nánar og tengist stjórnarháttum skráð félags. Fundað var með forsvarsmönnum þess félags, óskað var skýringa og tillögur að úrbættum ræddar.

4. Ábyrgð í rekstri og umhverfi

Unnið er að lágmörkun pappírnotkunar, rusl er flokkað á vinnustað og því fargað á umhverfisvænan hátt og starfsmenn nýta sér í auknum mæli vistvæna ferðamáta til og frá vinnu, svo sem göngu, hjól eða rafknúin ökutæki. Lífsverk kolefnisjafnar flugferðir starfsmanna vegna vinnu.

5. Lokaorð

Á árinu 2022 var farið í gagngera endurskoðun á stefnu sjóðsins í ábyrgum fjárfestingum og lauk þeirri vinnu í febrúar 2023. Innleiðingarferli nýrrar stefnu um ábyrgar fjárfestingar er hafið. Innleiðingin felur í sér gerð verklagsreglna um framkvæmd stefnunnar, mat á hvaða aðferðarfræði skuli beita, skoðun greiningartóla sem standa til boða og möguleg innanhúss þróun slíkra tóla auk þess er unnið

að því hvernig upplýsingar verða settar fram í skýrslu um framkvæmd stefnunnar. Vinna felur einnig í sig rýni og mat á núverandi verklagi, sem kann að leiða til breyttra vinnureglna til framtíðar. Í vinnunni er horft til aðferðafræða utankomandi aðila sem bjóða upp á sjálfbærni greiningar og UFS mót sem gætu nýst sjóðnum og hugsanlega komið í stað núverandi verklags. Vinnan er samvinna eignastýringar og áhættustjóra.

Viðauki: Yfirlit um innleiðingu reglugerðar um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu

Staða Lífsverks lífeyrissjóðs gagnvart innleiðingu reglugerðar (ESB) 2019/2088 um áhættu tengda sjálfbærni og veitingu upplýsinga sem tengjast sjálfbærni í tengslum við fjármálaafurðir (e. Sustainable Finance Disclosure Regulations, SFDR) er eftirfarandi:

3. grein reglugerðarinnar fjallar um gagnsæi í áhættustefnu um sjálfbærni. Stjórn Lífsverks lífeyrissjóðs samþykkti á árinu 2023 nýja stefnu um ábyrgar fjárfestingar þar sem hin nýja stefna skilgreinir sjálfbærni viðmið í fjárfestingum og áhættustýringu sjóðsins þar sem áhætta tengd sjálfbærni er felld inn í ákvarðanir tengdar fjármálaafurðum. Stefnan er birt á vefsíðu sjóðsins, á íslensku og ensku.

4. grein fjallar um gagnsæi í tengslum við neikvæð áhrif á sjálfbærni á einingastigi. Lífsverk lífeyrissjóður hefur ekki mælt neikvæð áhrif fjárfestingaákvæðana á sjálfbærniþætti t.a.m. vegna þess að gagnagæði á markaði tengd fjármálaafurðum eru ekki nægjanleg og samræmd aðferðafræði ekki til staðar. Lífsverk mun leitast við, í samstarfi við aðila á fjármálamarkaði, að safna gögnum og sammælast um aðferðafræði þannig að upplýsingagjöf um gagnsæi í tengslum við neikvæð áhrif á sjálfbærni verði markviss.

5. grein fjallar um gagnsæi starfskjarastefnu í tengslum við hvernig áhætta tengd sjálfbærni er felld inn. Starfskjör starfsmanna Lífsverks lífeyrissjóðs eru ekki tengd mælikvörðum um áhættu tengda sjálfbærni.

6. grein reglugerðarinnar tekur á gagnsæi í tengslum við hvernig áhætta tengd sjálfbærni er felld inn í fjárfestingarákvarðanir. Þessi grein á ekki við samtryggingardeild Lífsverks lífeyrissjóðs en nær til séreignardeilda sjóðsins. Lífsverk lífeyrissjóður útvistar eignastýringu séreignadeilda sjóðsins til Kviku eignastýringar og vísar til yfirlýsingar fyrirtækisins um áhættu tengda sjálfbærni. Fjárfestingar sem eru undirliggjandi í séreignardeildum, Lífsverk 1, 2 og 3 taka ekki tillit til viðmiða ESB fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi. Séreignadeildir sjóðsins flokkast því sem 6. greinar fjármálaafurðir. Frekari upplýsingar er að finna á sérstöku upplýsingablaði hvernar séreignarleiðar inni á vefsíðu sjóðsins.

7. grein fjallar um gagnsæi í tengslum við neikvæð áhrif á sjálfbærni á stigi fjármálaafurða. 7. greinin á ekki við samtryggingardeild Lífsverks lífeyrissjóðs en nær til séreignardeilda sjóðsins. Lífsverk lífeyrissjóður útvistar eignastýringu séreignadeilda sjóðsins til Kviku eignastýringar og vísar til yfirlýsingar fyrirtækisins um áhættu tengda sjálfbærni. Frekari upplýsingar er að finna á sérstöku upplýsingablaði hvernar séreignarleiðar inn á vefsíðu sjóðsins.

Aðrar greinar reglugerðar (ESB) 2019/2088 um áhættu tengda sjálfbærni og veitingu upplýsinga sem tengjast sjálfbærni í tengslum við fjármálaafurðir eiga ekki við um Lífsverk lífeyrissjóð og því verður ekki fjallað frekar um þær.